

AUGLÝSING

um deiliskipulag Hlíðarenda, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 15. desember 2016 deiliskipulag Hlíðarenda. Deiliskipulagið afmarkast frá sjó vestan lóðar Strandgötu 64, ofan Strandgötu, ofan ofanflóðavarna, ofan og austur fyrir Svínaskálahlíð og til sjávar. Tillagan gerir meðal annars ráð fyrir að núverandi lóðir og lóðarstærðir á svæðinu verði afmarkaðar, skilgreinir safnasvæði sjóminja og ofanflóðavarnir í Ljósá og Hlíðarendaá.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag fyrir Ljósá 1, samþykkt 21. mars 2013.

Fjarðabyggð, 20. febrúar 2017.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2017